



20. stjórnarfundur LH

Haldinn 18. maí 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 17:15

Mættir aðalmenn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Haukur Baldvinsson

Mættir varamenn: Hrönn Kjartansdóttir, Helga Björg Helgadóttir, S. Rúnar Bragason, Rúnar Þór Guðbrandsson,

Gestir: Hilda Karen Garðarsdóttir starfsmaður skrifstofu

Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason ritari, Petra Kristín Kristinsdóttir

1. Skýrsla Kristins Hugasonar

Stjórn sammála um að skýrslan væri vönduð og niðurstöður áhugaverðar. Stjórnir munu ræða niðurstöðurnar nánar. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að sameining LH, FHB og FT gengur ekki upp en hins vegar gætu verið samlegðaráhrif varðandi rekstur skrifstofu.

2. Reikningar 2015

Ólafur gjaldkeri fór yfir ársreikning 2015. Ársreikningur lítur mjög vel út og verður borinn upp til samþykktar á landsþingi í október. Samþykkt að fá Berglindi endurskoðanda til að koma og kynna reikninginn í ágúst.

3. Ráðning starfsmanna á Skógarhóla

Ákveðið var að ganga til samninga við hjónin Bergdísí Finnbogadóttur og Árna Guðmundsson. Samþykkt að LÁH geri drög að samningi og leggi fyrir stjórn.

4. Staðan á Hólum

LÁH fyrir hönd stjórnar LM sagði frá stöðu mála. Rætt var mest um vellina, hvernig þær kæmu út og hversu góðir þeir væru. Stjórnin samþykkti að biðla til mannvirkjanefndar um að skoða svæðið sem allra fyrst til að kanna stöðu valla og annarra mannvirkja á Hólum. LÁH kynnti fyrirkomulag hesthúsaplássna á svæðinu og mun það verða kynnt opinberlega mjög fljótlega. Einnig var tekin umræða um app á LM. Það verður app, sú vinna er komin í gang. Góð umræða var um það hvort þetta nýja app gæti gagnast LH, þ.e. öllum félögum. Skoða þarf hvort hægt væri að hafa fleiri en einn viðburð í appinu og þá hvaða kostnaður fylgdi slíkri vinnu.

5. Samningar vegna Hellu 2020

Mótshaldarar á Hellu eru farnir að kalla eftir samningi vegna mótsins 2020, sem byggir á Fákssamningnum 2018.

6. Afrekshópurinn

Tvær kennsluhelgar búnar og hefur gengið vel. Kennarar telja að þátttakendum hafi farið fram. Rætt var um að taka þriðja námskeiðið fyrir Íslandsmót. Verkefnið stenst kostnaðaráætlun. Gerð var athugasemd við það að einungis þrjár úr hópnum gáfu kost á sér og mættu í skróðreið



Hestadaga. Samþykkt var að gera þarf samning milli LH og knapana í þessum hópi um siðareglur og fleira.

7. Íslandsstofa, markaðsverkefni

Ánægja með Hestadaga og Dag íslenska hestsins. Verið er að vinna í vef, spurningakönnun til FEIF félaga og framleiðslu myndbanda (promo video) til að dreifa á samfélagsmiðlum.

8. Íslandsmót

Sú hugmynd hefur komið upp að streyma beint frá Íslandsmóti í samstarfi við Oz sem einnig streymir beint frá LM2016. Leggja þarf áherslu á að reyna að ná þannig samningi við RÚV að þeir geri þátt um bæði Íslandsmótin.

9. Norðurlandamót

Undirbúningur gengur vel. Vera sumarstarfsmaður hefur tekið þetta verkefni að sér.

10. Hestadagar í Rvk

HBH og JDB sögðu frá þessu verkefni, undirbúningu og fleiru. Ljóst að þetta er gríðarlega mikil vinna og allt samstarf við Íslandsstofu gekk vel. Upp kom sú tillaga að ekki verði skráð mót á mótaskrá LH þá daga sem Hestadagar 2017 standa, svo félögin geti tekið þátt í verkefni og skipulagt sitt starf í samræmi við það. Samþykkt.

11. Úthlutun reiðvegafjár

AMP vekur athygli á því að hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta velti um 18 milljörðum á ári, en úthlutun reiðvegafjár hefur ekki hækkað í mörg ár. Hins vegar hefur fé til hjólreiðastíga verið stóraukið. Það þarf að standa vörð um þessi mál. Einnig var rætt um að félögin beri mikinn kostnað af reiðvegum um allt land og á mörgum stöðum er gríðarlega mikil notkun hestaleiga og annara með atvinnustarfsemi á reiðvegum en þessir aðila greiði engan kostnað við viðhald þeirra.

12. Erindi frá samgöngunefnd

Samþykkt að taka liði 11-13 fyrir á næsta fundi og fá fulltrúa samgöngunefndar á þann fund.

13. Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs

Samþykkt að taka liði 11-13 fyrir á næsta fundi og fá fulltrúa samgöngunefndar á þann fund.

14. MAST – fódureftirlit og skoðun á hesthúsum

Varðandi skoðun og úttekt MAST á hesthúsum eru margir hestamenn efins um rétt MAST til að taka út hesthúsin án þess að greina frá þeim kostnaði sem af því hlýst. Einhverjir hafa meinað MAST aðgangi og veltum við því fyrir okkur hvað gerist þá?

Varðandi smitvarnir: Senda smitvarnabækling og fá FEIF til að senda á sinn póstlista. Senda jafnvel á póstlista LM. Vekja athygli á smitvarnareglum. Verður að setja bæklinga í allar flugvélar sem hingað koma. Of mikið í húfi til að gera það ekki. Smitvarnarbæklingurinn er ekki til á íslensku.



15. **Sportfengur**

Senda fyrirspurn á tölvunefnd LH vegna Sportfengs/Kappa, hver staðan er með nýtt forrit. Spurning hvort á ekki að sameina IceTest og Sportfeng. LÁH sendir fyrirspurn.

16. **Tóbaksnotkun**

Rætt var um alvarleika þess að nota tóbak/munntóbak í sýningum og keppni á hestum. LH þarf að frá sér tilkynningu um þetta. Tóbaksnotkun er bönnuð í íþróttamannvirkjum og notkun tóbaks og munntóbaks verður ekki liðin í keppni og sýningum á vegum LH. Athuga hvort banna þurfi notkun þess, jafnvel með lagabreytingu LH.

17. **Bréf til Léttis**

Meirihluti stjórnar samþykkti ekki það svarbréf sem sent var til Léttismanna vegna innsends bréfs frá þeim vegna ákvörðunar stjórnar LH um staðarval LM2020 og 2022. Stjórn samþykkti að senda annað bréf til Léttismanna sem meirihluti stjórnar samþykkir áður en það verður sent.

18. **Landsþing**

HBH, JDB og HKG funduðu vegna undirbúnings landsþings. Huga þarf að ýmsu og skoða þarf að breyta ýmsu vinnulagi á þinginu, s.s. starfi nefnda, atkvæðisrétti í nefndum og kom sù hugmynd frá tilvonandi þingforseta að hafa fundarstjóra í allsherjarnefnd og keppnisnefnd. Stofnuð hefur verið vinnunefnd sem skipuleggur Landsþingið í Stykkishólmi í haust og hefur hún þegar tekið til starfa. Jafnvel þarf að athuga dagsetningu þess nánar í tengslum við alþingiskosningarnar sem fyrirhugaðar eru í haust.

a. **Önnur mál**

Brunabjöllur í reiðhöllum - beina til umsjónarmanna reiðhalla að vara við hávaðanum í þeim. Skipta hávaðanum út fyrir rauð blikkandi ljós.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið um 21:30.

Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.